

Bragi hjá nokkrum verka sinna sem verða á yfirlitssýningunni.
Ljósmynd Mbl. RAX.

Bragi undirbýr yfirlitssýningu á Kjarvalsstöðum

„MÉR þætti vænt um að komast í samband við fólk sem telur að það eigi markverð verk eftir mig," sagði Bragi Ásgeirsson listmálari sem mun opna yfirlitssýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum laugardaginn 18. október nk. og þar mun hann sýna mikinn fjölda verka í öllu húsinu.

„Ég hef verið andvaralaus við að skrá niður hvert verk mín hafa farið og bið þá, sem þau eiga, vinsamlega að hafa samband við mig. Best er að hringja á kvöldin og spyrja eftir syni mínum, Fjölni Geir, sem sér um þessa hlið fyrir mig. Ég veit ekki í öllum tilvikum hverjir eiga verk eftir mig sem marka tímamót og ég vildi gjarnan fá að hafa á yfirlitssýningunni og til dæmis hef ég ekki ennþá fundið fjögur verk sem Nína Sæmundsdóttir myndhöggvari keypti af mér árið 1956."



Ein af eldri myndum Braga sem hann veit ekki hvar er niðurkomin.

„Er þessi sýning af ákveðnu tilefni?"

„Á næsta ári kemst ég á miðjan aldur og það er m.a. tilefnið. Ég hafði hugsað mér að halda sýninguna þá en þá verða nokkrar mikilvægar myndir eftir mig úr einkasafni komnar til útlanda og þar sem ég vil hafa þessar myndir á yfirlitssýningunni dreif ég mig í þetta. Það eru mörg fleiri tímamót sem tengjast þessari sýningu. Þrjátíu og þrjú ár eru síðan ég hóf listnám og oddatalan 3 og jafna talan 6 eru happatölur mínar. Tuttugu og fimm ár eru síðan ég hélt fyrstu sýningu mína í Listamannaskálanum og 18 ár eru síðan ég hélt grafiska sýningu eingöngu en þrisvar sex eru átján! Fleira kemur til, en að sjálfsögðu er þetta ekki lokamark heldur mikilvægur áfangi, ég hyggst hrista upp í hlutunum, líta yfir sviðið og brjóta allar brýr að baki. Ég vona að ég eigi enn 33 þroskaár eftir í listinni af fullum krafti, en maður hefur gott af því að líta til baka og sjá hvar maður stendur og hvað maður hefur gert."

„Þú ætlar að leggja Kjarvalsstaði undir verk þín."

„Sem fyrr segir legg ég allt húsið undir mig og sýningin stendur yfir í tvær vikur, þ.e. þrjár helgar. Þessar 10 daga sýningar eru allt of stuttar. Ég óttaðist í fyrstu að mér tækist ekki að sanka að mér nægilega mörgum myndum, en ég sé hins vegar fram á það að ég er búinn að sprengja húsið, en vona að þetta verði markverð yfirlitssýning. Ég legg áherslu á að hafa hana vel skipulagða.

Ég stefni nú að því að byrja nýtt líf á margan hátt og m.a. hyggst ég hverfa um stund frá upphleyptu myndunum, fara í klassísku greinarnar, tvívíð málverk, grafik og skúlptúr. Þá langar mig að setjast á skólabekk aftur og læra veggmyndagerð. Myndlist er símenntun allt lífið í gegn og maður verður aldrei fullmenntaður."

„Er það ekki óhemju mikið verk að setja upp yfirlitssýningu?"

„Jú, og best væri í rauninni að vera laus við slíkt, laus við allt nema að mála og skapa, en þó held ég að það sé mjög heilbrigt að málarinn sjái sjálfur um slíka sýningu, láti ekki aðra marka sér bás og ákvarða hver þróunin hafi verið. Það er fátítt hér að listamenn á besta starfsaldri haldi yfirlitssýningar þó slíkt sé algengt erlendis og það á einnig að vera sjálfsagður hlutur hér. Þar eru mörg dæmi þess að menn á aldrinum 35—40 ára haldi yfirlitssýningar. Dregið saman í hnotskurn legg ég áherslu á það að fólk sem á myndir eftir mig láti mig vita og gefi mér tækifæri til að hafa þær með á yfirlitssýningunni svo hún verði eins yfirgripsmikil og mögulegt er."

OG HVAÐ

Allra síðustu dagar.

er nú til eftir allt . . . . á

stór-útsölumarkaðnum

Sýningarhöllinni — Bíldshöfða

Takið vel eftir

Ummæli viðskiptavina:

"Það er eins og nýja krónan sé komin í gildi"

"Hér borgar sig að gefa sér góðan tíma"

"Prúttið einstaklega skemmtilegur viðskiptamáti"

	Byrjunarverð
☐ Herraföt flestar stærðir	49.300.–
☐ Terelyne-buxur herra öll númer	13.900.–
☐ Stakir herrajakkar flestar stærðir	31.900.–
☐ Dömuullar-buxur lítil og stór númer	8.900.–
☐ Herraskyrtur öll númer	6.900.–
☐ Dömublússur öll númer	6.900.–
☐ Riflaður flauelisbuxur margir litir flest númer	8.900.–
☐ Kakhi-buxur flest númer margir litir	7.900.–
☐ Vesti margir litir og gerðir	3.900.–
☐ Sportjakkar margar gerðir flest númer	13.900.–
☐ Fallegt úrval af skóm í litlum númerum	
☐ Ullarefni	4.000.–
☐ Terelynefni	4.000.–
☐ Fínflauel	4.200.–
☐ Fóðurefni	1.300.–
☐ Anorakkaefni	1.300.–

☐ Skyrtuefni ☐ Gardínuefni ☐ Kjólaefni í mörgum litum og gerðum

☐ Ungbarnafatnaður — Plaköt

☐ **Nýlegar hljómplötur og kassettur frá 500.–**

Verðgildi krónunnar þinnar margfaldast

OPIÐ TIL KL. 10 Í KVÖLD OG 12 Á MORGUN

Og þú mátt PRÚTTA!